MYNDLIST / *Geta bankarnir verið fyrirmynd annarra fyrirtækja?*

Bankar sem listasöfn

ÁRIÐ 1924 málaði Jóhannes Kjarval stóra veggmynd á annarri hæð í húsi Landsbankans við Austurstræti, sem hlotið hefur nafnið „Fiskstöflun". Þar eru konur að vinna við að stafla saltfiski í stakkstæði. Það hefur stundum verið nefnt hversu hvítur og fallegur saltfiskurinn í myndinni er; í bók sinni „Íslensk myndlist" nefnir Björn Th. Björnsson þá skýringu, að mörgum árum seinna, þegar kvartað var undan verkun á íslenskum saltfiski, hafi Kjarval farið upp í Landsbanka með hvíta málningu og endurbætt verkunina á fiskinum í myndinni, þar skyldi sko einungis sýnd gæðavara!



eftir Eirík Þorláksson

Þessi saga er rifjuð upp hér til að minna á, að íslenskir bankar hafa í gegnum tíðina látið listamenn skreyta hús sín og keypt af þeim listaverk. Áður hefur verið vakin athygli á því í þessum pistlum, að íslensk fyrirtæki væru almennt ekki enn þeir stuðningsaðilar við myndlistina, sem víða erlendis þykir sjálfsagt að þau séu. Það eru helst að bankarnir, sem virðast hafa gert þetta að einhverju ráði. Nú hefur verið skýrt frá því á Alþingi, hversu stór listaverkasöfn ríkisbankanna eru, og er það fróðleg lesning.

Finnur Ingólfsson lagði fram fyrirspurn um þetta efni í þinginu, og kemur fram í svarinu, að ríkisbankarnir fjórir (þ.e. Seðlabanki, Landsbanki, Búnaðarbanki og Útvegsbanki áður en hann var seldur) eiga nærri eitt þúsund listaverk eftir um tvö hundruð listamenn. Þetta er því myndarlegt heildarsafn. En söfnin eru misjafnlega saman sett, og því augljóst, að sum þeirra hafa orðið til af sjálfu sér, á meðan önnur bera vitni um markviss innkaup og söfnun listaverka.

Nú væri eðliegt að álíta að bankar eignist sín listaverk eins og aðrir, þ.e. með því að kaupa þau. Svo einfalt er málið hins vegar ekki lega. Auðvitað er mikill hluti af listaverkum bankanna keyptur á venjulegan hátt, en þar kemur fleira til. Margir Íslendingar þekkja þá tilfinningu af eigin raun að vera í kröggum og eiga ekki fyrir víxlinum, sem fellur í bankanum í næstu viku. Þegar þannig er ástatt leita menn annarra leiða, ef hægt er. Ein leið er sú að láta eitthvað annað en peninga af hendi sem greiðslu til bankans — t.d. listaverk. Ef bankinn samþykkir, geta allir verið ánægðir; víxillinn er úr sögunni og bankinn hefur eignast verk, sem getur skreytt sali þess og skrifstofur.

En um leið er ljóst, að enginn stundar markvissa söfnun listaverka með slíku, stofnunin eignast það sem býðst þegar það býðst, eða eftir því sem fylla þarf upp í veggpláss á nýjum afgreiðslustöðum. Jafnframt þýðir þetta að smám saman eignast viðkomandi banki verk eftir fjölda listamanna, og einungis fá eftir hvern.

Þetta gæti átt við umtalsverðan hluta þeirra listaverka, sem Landsbankinn og Útvegsbankinn sálugi hafa eignast. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram á Alþingi á Landsbankinn 418 listaverk eftir 135 listamenn; þar af er stærsta safnið sjö verk eftir sama listamanninn, þrjú til sex verk eftir nokkra fleiri, en flestir listamenn eiga aðeins eitt eða tvö verk í safni bankans. Svipaða sögu er að segja um verk sem voru í eigu Útvegsbankans; þar voru nær hundrað verk eftir um fimmtíu listamenn, og mest fimm eftir saman manninn.

Þarna er því ekki um söfnun að ræða í þeirri merkingu sem oftast er höfð fyrir það orð; það væri nær að tala um eignamyndun af ákveðnu tagi. Samt verður að taka skýrt fram, að þetta þýðir engan veginn að verk í eigu þessara banka séu lakari en annarra; þarna geta verið margir og merkir gullmolar íslenskrar myndlistar. En það væri erfiðara að setja upp sýningu á verkum í eigu þessara stofnana, sem bæri með sér einhvern heildarsvip.

Öðru máli gegnir um listaverkasöfn Búnaðarbankans og Seðlabankans; þar hefur að hluta til a.m.k. verið safnað markvisst verkum ákveðinna listamanna, til að mynda heildstæð söfn. Seðlabankinn á 140 verk eftir 70 listamenn, en flest verk eru þar eftir Gunnlaug Scheving, Jóhannes Kjarval og Karl Kvaran. Seðlabankinn kaupir listaverk fyrst og fremst til að skreyta eigið húsnæði, og er stærð safnsins í samræmi við það. En einnig má benda á, að Seðlabankinn hefur eignast mjög merkilegt bókasafn, og myntsafn, sem er mjög athyglisvert fyrir áhugamenn á því sviði.

Safn Búnaðarbankans er ef til vill hið athyglisverðasta af listasöfnum bankanna. Þar hafa stjórnendur bankans safnað listaverkum á markvissan hátt, og bankinn eignast fjölda verka eftir þekkta listamenn. Þannig er um þriðjungur safnsins verk eftir fjóra listamenn; rúmlega hundrað listaverk eru eftir um fimmtán listamenn, en afgangurinn af safninu dreifist á nærri eitt hundrað listamenn til viðbótar. Þetta er stórt safn og áhugavert vegna þess hvernig að því hefur verið staðið, og á næstunni gefst landsmönnum tækifæri til að skoða það utan bankans.

Í tilefni af 60 ára afmæli sínu hefur Búnaðarbankinn nú opnað sýningu á völdum verkum úr safni sínu á Kjarvalsstöðum. Þar geta landsmenn séð þau verk sem bankinn hefur eignast í gegnum tíðina, og hafa verið misjafnlega aðgengileg í húsakynnum hans vítt um landið, í afgreiðslusölum og á skrifstofum. Vonandi geta sem flestir notið þess að sjá bestu verkin komin saman á einn stað, bæði viðskiptamenn bankans og aðrir.

Ein er sú spurning sem ekki hefur enn verið tekin afstaða til, en hún er hvort bankar eigi yfirhöfuð nokkuð með að vera að eignast listaverk, þar sem slíkt sé á endanum ávallt gert á kostnað viðskiptavina bankans. Svarið við því er skilyrðislaust já, og eru fyrir því nokkrar ástæður. Ef að öflugustu fyrirtæki landsins geta ekki stutt við myndlist í landinu með kaupum á listaverkum, hvaða fyrirtæki geta það þá? Það hlýtur að vera skemmtilegra fyrir viðskiptavini bankanna að hafa fyrir augum frumleg listaverk í afgreiðslum peningastofnana heldur en mislélegar eftirprentanir eða ofnotaðar ljósmyndir af ferðamannafegurð landsins. Kostnaður við listaverkakaup hefur ekki minnstu áhrif á vaxtamun bankanna, þar sem hér er um að ræða brotabrot af rekstrarkostnaði þeirra. Og ef valið stendur milli leðursófa í biðstofu bankastjóra, eða listaverks á veggina, þá er það heldur engin spurning ...

Mættu önnur fyrirtæki taka listaverkasöfn bankanna sér til fyrirmyndar.




Bankarnir eiga merkileg listasöfn.

SMIÐSHÚS • SUMARHÚS • SMIÐSHÚS • HEILSÁRSHÚS


Sýning
á sumarhúsum
um helgina

Á athafnasvæði okkar við Viðarhöfða höfum við nú tvö fullbúin sumarhús til sýnis. Við gefum upplýsingar og tökum pantanir á sumarhúsum til afgreiðslu næsta sumar. Komið og skoðið húsin um helgina frá 12 - 17.



VERÐ SUMARHÚSA:

19 fm	Verð frá kr. 820.600.-
32 fm	Verð frá kr. 1.269.500.-
38 fm	Verð frá kr. 1.326.000.-
44 fm	Verð frá kr. 1.445.800.-
50 fm	Verð frá kr. 1.611.800.-
49 fm (T-hús)	Verð frá kr. 2.826.500.-



MÆST AUGLÝSINGASTOFA

SMIÐSHÚS
TRÉSMIÐJA
Viðarhöfða 4, sími 671101

DJASS / *Lifa þau ekki að eilífu*

SARAH OG MEL Í MINNINGUNNI



eftir Vernharð Linnet

Dauði Söruh Vaughan kom djassunnendum ekki á óvart. Hún hafði verið heilsuveil um hríð og orðið að aflýsa tónleikum æ oftar.

Sarah Vaughan hafði viðurnefnið hin guðdómlega, og má minna gagn gera. En það er ekkert vafamál að hún er ein hinna þriggja mestu djasssöngkvenna allra tíma: Billie Holiday, Ella Fitzgerald og Sarah Vaughan, þrenningin glæsta. Sarah var yngst þeirra og aðeins 66 ára þegar hún lést. Feril sinn hóf hún sem aðstoðarpíanisti í hljómsveit Earl Hines. Það var söngvarinn Billy Eckstine, sem mælti með henni við Hines og er hann stofnaði eigin stórsveit slóst Sarah í hópinn. Þetta var fyrsta bíbopp-stórsveitin og í henni kappar eins og Dizzy Gillespie, Charlie Parker, Dexter Gordon og Art Blakey. Sarah var fyrsti söngvarinn sem söng bíbopp einsog sá sem valdið hafði og allt til þessa dags hefur enginn sungið þá tónlist betur. Þegar Billie Holiday lagði alla sál sína í textann og túlkun hans skipti hún Söruh litlu máli. Tónarnir voru henni allt. Hún hafði mjög breitt tónsvið á valdi sínu og á seinni árum hefur rödd hennar orðið æ dýpri. Sarah lærði mikið í orðalausum söng af Ellu Fitzgerald og þær eru að mörgu leyti skyldar söngkonur og ólíkar Billie Holiday. Leikandi sveifla, rýþmískar fraseringar og hugmyndaríkur spuni einkennir þær og Sarah átti það meirað segja til að hefja söng sinn með nokkurra kóra spuna án þess að syngja laglínuna fyrst einsog hefðin býður.

Sarah hljóðritaði með Dizzy og Bird, Clifford Brown og eigin tríóum og um tíma var vestur-íslenski bassaleikarinn Bob Magnusson í tríói hennar. Af síðari tíma hljóðritunum Söruh má nefna frábæra tónleika í Tívolí í Kaupmannahöfn, sem gefnir hafa verið út á tveimur geisladiskum af Mercury, og Pablo-skífur hennar frá síðustu árum, s.s. skífurnar tvær með Ellington-ópusunum og How Long Has this Been Goin' On, með Oscari Peterson.

Ég hlustaði aðeins einu sinni á Söruh Vaughan á tónleikum. Það var á Norðursjávardjasshátíðinni 1987. Þar söng hún í PWA-salnum og fór á kostum. Hún hélt sér mun betur en Ella, enda sjö árum yngri, og líkamleg útgeislun hennar var ekki minni en sú andlega. Það var ekki dauður punktur á þessum tónleikum.

Það hafa fleiri mætir djassmenn kvatt lífið á síðustu vikum. Nýlega lést trommarinn Mel Lewis í New York og er það dálítið skringileg tilviljun að í marshefti *down beat* er viðtal við kappann.

Mel er frægastur fyrir stórsveit þá er hann rak ásamt trompetleikaranum Thad Jones á árunum 1965 til 1978. Áður hafði hann trommað



Sarah Vaughan — ein af þremur mestu djasssöngkonum allra tíma.

með mörgum stórsveitum s.s. sveitum Stan Kentons, Benny Goodmans, Dizzy Gillespies og Gerry Mulligans. Mel Lewis var sveifluljón sem kunni þá list til hlítar að keyra áfram stórsveit. Hljómsveit þeirra Thad Jones var af flestum talin fremsta stórsveit nýrri tíma djass og er ógleymanleg öllum sem á hlýddu. Ég heyrði einu sinni í henni í litlum klúbbi árið 1974 og fremstur stóð Thad Jones með flygilhornið og stjórnaði og blés meðan Mel kynti undir bakvið. Þá blésu þar menn á borð við barrítonmeistarann Pepper Adams og básúnuleikarann Quentin Jackson. Þeir eru nú allir horfnir til æðri sveifluheima en margir af stjörnum sveitarinnar eru enn í fullu fjöri einsog Jon Faddis sem blés í Reykjavík í júní sl.

Eftir að Thad Jones yfirgaf sveitina og settist að í Kaupmannahöfn rak Mel bandið með aðstoð Bob Brookmeyers, sem skrifaði flestar útsetningarnar, en þeir voru góðkunnir frá Mulligandögunum og Bob var með í Jones/Lewis-bandinu í byrjun.